



Hjallastefnan

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Garðabær 18. febrúar 2019

Erindi: Umsókn um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi við Barnaskóla Hjallastefnunnar á Vífilstöðum.

Barnaskóli Hjallastefnunnar blómstrar nú á sínu 16. starfsári á Vífilstöðum. Á undanförunum árum höfum við tekið mörg heillavænleg skref í þróun skólastarfs fyrir 5 ára börn og börn á yngsta stigi grunnskóla, með þroska þeirra, vellíðan og námsárangur að leiðarljósi. Nú óskum við eftir heimild frá bæjaryfirvöldum til að opna miðstig og hefja skólastarf í 5. bekk haustið 2019. Það er einlæg ósk foreldrahópsins í skólanum sem og tíu ára barnanna sem nú eru í 4. bekk.

Við erum reynslunni ríkari frá því Vífilsskóla var lokað vorið 2016 eftir fimm ára starf. Vífilsskóli var sérstök starfseining Hjallastefnunnar á Vífilstaðatorfunni. Rekstur Barnaskólans er í traustu horfi, skólabróunarverkefni ganga vel s.s. listasmiðjur og Singapore-stærðfræði, og jafnvægi er í starfsmannahópnum.

Nám barnanna sem hefja grunnskólagöngu sína í Barnaskóla Hjallastefnunnar er um margt sérstakt og ýmislegt til vitnis um að hér sé lagður góður grunnur til framtíðar. Meðalárangur barnanna á samræmdum prófum í 4. bekk hefur jafnan verið yfir meðallagi á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár, sérstaklega í stærðfræði.¹ Einnig má nefna námsárangur barnanna þegar í unglingadeildir í Garðabæ er komið. Í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði voru fyrrum nemendur Barnaskólans með nokkuð hærri meðaleinkunnir samanborið við nemendur sem komu úr öðrum skólum Garðabæjar, samkvæmt rannsókn sem unnin var af Háskólanum í Reykjavík 2014-2016.² Dýrmætast er þó að í árlegum könnunum okkar kemur ánægja foreldra skýrt fram. Í könnun í nóvember sl. kom fram að 95% foreldra telja börnum sínum líða vel í skólanum og 97% eru ánægðir með hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnanna.

Við undirritaðar óskum eftir heimild bæjaryfirvalda til skólastarfs á miðstigi grunnskóla og stuðningi við þá ósk að hefja starf í 5. bekk á komandi hausti.

Bestu kveðjur,

¹ <https://www.hjalli.is/rannsoknir/>

² Berglind Gísladóttir og Hrefna Pálsdóttir. (2017). Rannsókn á Hjallastefnunni. Unnin á vegum Háskólans í Reykjavík fyrir Hjallastefnuna 2014-2016.

http://www2.hjalli.is/skj%C3%B6l%20til%20birtingar/hjallastefnan_vef_endanleg_utgafa.pdf

